

**10**            **STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagsskrá fyrir Minningagjafasjóð  
20. febr. Landsspítalans, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkju-  
málaráðherra, 20. febrúar 1926. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningagjafasjóð Landsspítalans.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningagjafasjóður Landsspítalans«.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1916, með 10 kr. minningargjöf, og hefir hann aukist síðan með því, er inn hefir komið, sem minningargjafir um látna menn, til hins væntanlega Landsspítala.

3. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð 100.000.00 — eitt hundrað þúsund — krónur. Höfuðstól þennan og það sem við hann kann að bætast, til árs-ns 1930, eða þar til Landsspítalinn tekur til starfa, má eigi skerða.

4. gr.

Eftir að Landsspítalinn er tekinn til starfa skal leggja við höfuðstól árlega helming vaxta, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 170.000.00 — eitt hundrað og sjöttíu þúsund krónur — og úr því  $\frac{1}{4}$  — einn fjórða hluta — vaxta, uns sjóðurinn er orðinn kr. 200.000.00 — tvö hundruð þúsund krónur, — en úr því legst aðeins  $\frac{1}{10}$  — einn tíundi hluti — vaxta við höfuðstól.

5. gr.

Því, sem sjóðnum kann að áskotnast umfram vexti, frá því, er hann tekur til starfa, skal, ásamt þeim hluta vaxta, er eigi leggjast við höfuðstól, samkv. 4. gr., varið til hjálpar sjúklingum, er sjúkravist eiga á Landsspítala Íslands, til greiðslu sjúkrahúskostnaðar. Gjafir, er sjóðnum kunna að gefast, í einhverju sjerstöku skyni eða með sjerstöku skilorði, koma þó eigi undir ákvæði þetta, enda sje gjöfin eigi lægri en kr. 1000 — eitt þúsund krónur. —

6. gr.

Af eignum sjóðsins standa kr. 50.000 — fimtíu þúsund krónur — í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands. Aðrar eignir sjóðsins eru nú sem

stendur fólgnar í rikisskuldabréfum og jarðræktarbréfum, ásamt viðtöku-  
skírteinum Landsbanka Íslands og innlánskírteinum Íslandsbanka. 10  
20. febr.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 konur, og skal kjósa þá stjórn í fyrsta skifti, í janúarmánuði 1926. Stjórn Landsspítalasjóðs Íslands kýs konur þessar og gildir kosningin til 6 ára. Stjórn sjóðsins skiftir sjálf með sjer störfum þannig: að ein er formaður, önnur ritari, þriðja gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Fatlist einhver stjórnarkona frá störfum á kjörtímabilinu, kjósa hinar stjórnarkonur aðra í hennar stað. Ennfremur skal kjósa tvo endurskoðendur til jafnlangs tíma.

## 8. gr.

Styrkveitingar þær, er um ræðir í 5. gr., annast formaður, ritari og gjaldkeri sjóðsins, ásamt yfirlækni og yfirhjúkrunarkonu Landsspítalans.

## 9. gr.

Úthlutun styrks fer fram í byrjun hvers ársfjórðungs og sju umsóknir um styrkinn komnar í hendur formanns sjóðsins eigi síðar en hálfum mánuði fyrir úthlutunardag.

## 10. gr.

Umsóknum um styrk skal fylgja vottorð um hag umsækjanda frá sóknarpresti og hjeraðslækni.

## 11. gr.

Endurskoðaðan ársreikning og efnahagsreikning sjóðsins fyrir liðið ár skal árlega birta í febrúarmánuði í Lögbirtingablaðinu og í B-deild stjórnartíðindanna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 12. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 20. janúar 1926.

F. h. stjórnar Landsspítalasjóðs Íslands.

*Ingibjörg H. Bjarnason,*  
*form.*

*Inga L. Lárusdóttir,*  
*ritari.*